

 **Icelandic Financial Reform Initiative**

www.IFRI.is – ifri@ifri.is

Hugveita um úrbætur á fjármálakerfinu

Reykjavík, 21.03.2012

**Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á 140. löggjafarþingi 2011-2012**  
um þskj. 96 – 96. mál:

**um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.**

Frumvarpið sem um ræðir felur í sér að kveðið verði á um 2% hámark vaxta á verðtryggðu lánsfé. Við teljum þetta ágætt svo langt sem það nær, en veltum því um leið upp hvers vegna þetta vaxtastig hafi verið valið en ekki eitthvað annað, til dæmis 0%, eða jafnvel neikvætt? Þannig mætti til dæmis með sama hætti ná fram almennri leiðréttingu verðtryggðra lána, með því að lántakendum væri í sjálfsvald sett að ráðstafa neikvæðum vöxtum til lækkunar höfuðstóls, ef þingmeirihluti væri fyrir slíkri breytingu.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

1. gr.

Við leggjum til að þessi grein orðist þannig: “Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Neytendalán falla ekki undir ákvæði þessa kafla.”

2. gr.


Við gerum enga athugasemd að frumvarpið verði strax að lögum, en auðvitað helst með þeim breytingum sem við leggjum til að verði á 1. gr.

**Almennt**

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til yrði lagt algjört bann við notkun verðtryggingar í neytendalánastarfsemi. Önnur ákvæði laganna um vexti og fleira myndu þó að óbreyttu gilda almennt um slík lán, auk laga um neytendalán og almennra laga um samningsgerð.

Nánari umfjöllun um tillögur hugveitunnar er að finna á vefsíðunni: <http://www.ifri.is>

f.h. IFRI: Hugveitu um úrbætur á fjármálakerfinu



Guðmundur Ásgeirsson